

1969 nr. 73 28. maí

Lög um Stjórnarráð Íslands

I. kafli.

■ **1. gr.** Forseti Lýðveldisins skipar ráðherra, ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

□ Ráðherrar fara með stjórnarmálefni í Stjórnarráði Íslands, sem hefur aðsetur í Reykjavík.

■ **2. gr.** Ráðherra fundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherra fund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.

□ Málefni, sem bera á upp fyrir forseta Lýðveldisins til staðfestingar, skulu áður tekin til meðferðar á ráðherra fundi.

□ Forsætisráðherra stjórnar ráðherra fundum.

■ **3. gr.** [Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytis að gegna störfum ritara ráðherra fundanna.]¹⁾

□ Ritari skráir fundargerð ráðherra fundar í gerðabók, er ráðherrar hafa staðfest fundargerðina.

¹⁾ L. 83/1997, 1. gr.

■ **4. gr.** Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi: Forsætisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Hagstofa Íslands, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, [umhverfisráðuneyti],¹⁾ utanríkisráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

□ Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

¹⁾ L. 3/1990, 1. gr.

■ **5. gr.** Þegar skipt er störfum með ráðherrum, skal hvert ráðuneyti óskipt lagt til eins og sama ráðherra.

■ **6. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 14/1991, 1. gr.

■ **7. gr.** [Ráðherra kveður á¹⁾ um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum.]²⁾

¹⁾ Augl. 752/2000 (um skipulag menntamálaráðuneytisins). ²⁾ L. 83/1997, 2. gr.

■ **8. gr.** Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar,¹⁾ er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima, sbr. 4. gr.

□ Nú þykir vafi á leika, undir hvert ráðuneyti málefni heyrir, og sker forsætisráðherra þá úr.

¹⁾ Augl. A 96/1969.

■ **9. gr.** Ráðuneyti hefur eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana.

□ [Ráðherra kveður á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir, nema á annan veg sé mælt í lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 121/1999, 1. gr.

II. kafli.

■ **10. gr.** Ráðuneytisstjórnar og hagstofustjóri stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.

□ . . . ¹⁾

□ Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis skal jafnframt því embætti sínu gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.

□ Heimilt er forsætisráðherra að kveða á um, að ráðuneytisstjóri veiti fleiri en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi, eftir því sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og húsnæði.

□ Slíka skipan sem í 5. mgr.²⁾ greinir getur forsætisráðherra afnumið, er nauðsyn krefur, og þá jafnframt ákveðið, hverju þeirra ráðuneyta, sem um er að tefla, ráðuneytisstjóri skuli áfram stýra.

¹⁾ L. 14/1991, 2. gr. ²⁾ Á væntanlega að vera 4. mgr.

■ **11. gr.** [Skrifstofu ráðuneytis stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.]¹⁾

□ . . . ¹⁾

□ [Nú er starfsmaður ráðuneytis ráðinn deildarstjóri og þarf þá eigi að auglýsa stöðuna sem hann er fluttur í.]¹⁾

□ Ráðherra setur deildarstjórum og skrifstofustjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.

¹⁾ L. 83/1997, 3. gr.

■ **12. gr.** Auk ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fulltrúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðherra. [Heimilt er þó ráðherra að ráða starfsmenn í ráðuneyti undir öðrum starfsheitum.]¹⁾

¹⁾ L. 83/1997, 4. gr.

■ **13. gr.** [Ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra til fimm ára í senn.

□ Aðrir starfsmenn ráðuneytis eru ráðnir.]¹⁾

¹⁾ L. 83/1997, 5. gr.

■ **14. gr.** Ráðherra er heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem [skrifstofustjóri],¹⁾ enda hverfi hann úr starfi jafn skjótt sem ráðherra, en njóti þá launa þrjá mánuði, hafi hann ekki áður verið ríkisstarfsmaður, en ella eigi hann rétt á að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins.

¹⁾ L. 83/1997, 6. gr.

■ **15. gr.** Með úrskurði forseta Íslands má samkvæmt tillögum forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ [Ákvæði til bráðabirgða. . .]¹⁾

¹⁾ L. 3/1990, brbák.